

Fyrsti fulltrúaráðsfundar Kelduskóla skólaárið 2013-2014 haldinn mánudaginn 4. september í Vík

Fyrsti fulltrúaráðsfundur Kelduskóla skólaárið 2013-2014 haldinn mánudaginn 4. september í Vík. Fundur hófst kl. 20. Alls mættu 37 bekkjarfulltrúar ásamt stjórn foreldrafélagsins og sköpuðust skemmtilegar umræður á fundinum. Formaður stjórnar foreldrafélags skólans fór í gegnum helstu atriði sem varða skipulagningu

Fulltrúaráðsfundir

Talað um tvo fulltrúaráðsfundi fyrir jól og tvo eftir jól, þar sem stjórnin hittir bekkjarfulltrúa. Skólastjóri hefur óskað eftir að koma á einn fundinn fyrir jól og annan eftir jól, til að bera ýmis málefni undir fulltrúa foreldra.

Foreldrafundir

Bekkarfulltrúar boða sjálfir forráðamenn í bekknum á fund að hausti til að fara yfir viðburði vetrarins og raða fólki niður. Starfið í foreldrafélaginu okkar gengur út á að allir taki þátt, allir forráðamenn fá úthlutað hlutverki. Spurning um það hvort að bekkjarfulltrúar allra bekkja í unglingadeild haldi sameiginlegan foreldrafund fyrir árganginn. Á kannski helst við í 8.bekk, að foreldrar hittist saman á fyrsta fundi og stilli saman strengi. Bekkarfulltrúum er frjálst að ákveða hvort þau standi fyrir hitting innan bekkjarins eða árgangsins. Aðgangur að skólunum til fundahalda, hafa samband við skólann ef þarf. Einnig má halda í heimahúsi ef fólk vill og hefur aðstöðu til. Þarf að senda upplýsingar til bekkjarfulltrúa um fyrirkomulag viðburða sem fyrst, fyrir foreldrafundinn.

Bekkarjarkvöld

Rætt um fyrirkomulag bekkjarkvölda. Allir fundargestir sammála um að það ætti að vera skyldumæting forráðamanna á bekkjarkvöld. Bekkjarkvöldin eru líka fyrir forráðamenn, til að hittast og kynnast og ræða málefni bekkjarins. Muna að taka fram í auglýsingu, þ.e. boða foreldra sérstaklega. Tillaga frá stjórn að hafa a.m.k. 4-5 forráðamenn í að skipuleggja bekkjarkvöldin. Bekkjarkvöld fyrir jól er nú á höndum kennara, rætt um það að bekkjarfulltrúar bjóði e.t.v. fram krafta sína við kennara vegna skipulagningar þeirra að bekkjarkvöldinu fyrir jól.

Böll og opið hús

Á opnu húsi Félagsmiðstöðvarinnar í nóvember eru forráðmenn boðnir velkomnir. Bekkarfulltrúar hvetji forráðamenn til að mæta.

Facebook

Rætt um tillögu stjórnar að setja upp facebook síðu foreldrafélagsins sem allir forráðamenn hafa aðgang að, t.d. til að minna á foreldrarrölt o.fl.

Fundargestir ræddu um að það gæti verið vont að vera með opna síðu. Ekki gott að allir viti um t.d. viðburði og hvar þeir eru. Spurt um tilganginn með síðunni. Svar stjórnar er það að þetta ætti að þetta foreldrahópin og auka upplýsingagjöf. Ákveðið að þetta yrði lokaður hópur.

Viðburðir yfir veturinn (aðrir en bekkjarkvöld)

Stjórnarmeðlimir ásamt þremur vöskum foreldrum utan stjórnar halda utan um einn viðburð hver yfir veturinn. Fulltrúi stjórnar frá Vík og fulltrúi stjórnar frá Korpu halda saman utan um hvern viðburð og halda sameiginlega undirbúningsfundi. Um er að ræða alls sex viðburði. Umræða um það hvort þetta væru of margir viðburðir og hvort það væri góð mæting á það. Þeir sem hafa komið að þessu áður segja að yfirleitt sé vel mætt á alla viðburði.

Rætt um fyrirkomulagið nú þar sem forráðamenn úr öllum árgöngum koma að skipulagningu hvers viðburðar. Var t.d. þannig í Vík fyrir sameiningu að viðburðum var skipt á milli árganga,

t.d. sáú 2. og 3. bekkur um einn viðburð o.s.frv. Spurning um að taka stöðuna í lok þessa skólaárs og breyta fyrirkomulaginu ef þetta er ekki að ganga vel. Sumir fundargesta nefndu að þeir hefðu ekki endilega áhuga á því að kynnst foreldrum í eldri bekkjum ef þau væru t.d. með börn 2. bekk. Einn fundargesta nefndi að í Norðlingaskóla séu færri viðburðir og að skólinn haldi utan um þá flesta. Bekkjarfulltrúar sjá um bekkjarkvöldin og fjáraflanir.

Haustbingó. Breyta þarf dagssetningu haustbingós til þriðjudagsins 15. október í Korpu og miðvikudagsins 16. október í Vík vegna haustfría.

Vöflukaffi/jólafondur. Rætt um það hvort frekar ætti að hafa jólafondrið á milli 17-19. Þá væri meiri líkur á því að foreldrar kæmust. Þarf að krydda uppákomuna. Hafa kertaljós og tónlist. Einnig rætt um það fyrir hverja þetta væri. Unglingarnir taka frekar þátt ef þetta er á skólatíma. Einnig kom upp sú spurning að t.d. unglingadeildin væri með fjáröflun á jólafundursdeginum t.d. selja kakó og kökur? Gætu sett upp kaffihús á báðum stöðum.

Bingó. Það hefur borið á því að sömu aðilar séu að fá marga vinninga á spjald, sum spjöld vinningsspjöld frekar en önnur. Passa það á næsta bingói að það sé þannig að þegar búið að fá vinning á spjald skili vinningshafi inn spjaldinu og fái annað í staðinn.

Röltið

Bekkjarfulltrúar skipa einn röltstjóra í hverjum bekk (fyrir sinn mánuð) og þeir taka í staðinn ekki þátt í að undirbúa aðra viðburði yfir veturinn. Spurning hvort annar bekkjarfulltrúa hvers bekkjar verði sjálfir í hlutverki röltstjóra.

Rætt um að heyra í t.d. röltstjórum í Rimaskóla fyrir ballið sem verður haldið þar 20. september. Á við um böll almennt og opin hús. Ingi í Púgyn verður í sambandi við yfirröltstjóra í öllum skólunum fyrir böll. Röltstjóri í hverjum bekk ber ábyrgð á því að koma röltinu yfir á næsta. Yfirröltstjóri Kelduskóla, Haraldur sem er jafnframt í stjórn foreldrafélagsins, verður með tengingu við röltstjóra í hverjum bekk.

Agakerfið- Uppeldi til Ábyrgðar

Þetta er kerfi sem var komið í gang í Kelduskóla-Korpu. Rætt um nota hluta af þeim sjóði sem félagið á til að borga námskeið fyrir forráðamenn. Sömu skilaboð heima og í skóla. Ekki mikið efni um þetta kerfi á heimasíðunni. Má bæta úr því. Spurning hvort jafnvel væri hægt að nýta krafta kennaranna í skólanum til að vera með svona námskeið.

Félagsgjöld

Innheimta á félagsgjöldum að fara í gang. Sendur er einn gjaldseðill þegar fleiri en eitt barn er á heimili. Var rætt um það hvort ekki hægt að senda þetta á heimabanka hvers og eins. Verður ekki gert þannig að sinni.

Samkensla

Umræða um að nú væri búið að taka upp samkenslu t.d. í íslensku og stærðfræði í 2. og 3. bekk í Kelduskóla-Korpu, vegna þess hve fáir nemendur í hvorum árgangi. Eru þrír kennarar. Fundargesti bent á að ræða þetta við skólastjóra og kennara.

Skólaheimsóknir

Í sumum bekkjum hefur verið það fyrirkomulag að kennarar bjóða foreldrum á ákveðnum tíma í heimsókn. Spurning að taka upp þá umræðu við kennara að koma þessu á í öðrum bekkjum.

Reykjaferð

Rætt um það hvers vegna ekki væri farið þangað. Foreldrar væru til í að standa fyrir fjáröflun til að styðja við að ferðin verði farin.

Fundi slitið kl. 21:20